



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að skíðagöngubraut verði meðfram vegi en ekki við garða íbúa í efra Breiðholti

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að sú göngubraut sem meirihlutinn vill leggja við garða íbúa í Seljahverfi verði frekar lögð meðfram göngu og hjólastíg við veginn frekar en alveg upp við íbúabyggðina. Þarna er um lítið grænt svæði að ræða, sem eftir verður á milli íbúabyggðarinnar og vegarins, og það þarf að vernda og hlúða að því frekar en að raska með frekari framkvæmdum. Hér má nefna að farfuglar verpa á svæðinu á milli íbúðarbyggðarinnar og vegarstæði Arnarnesvegar og þar er töluvert fuglalíf sem skiptir máli. Þetta er hluti af varðveislugildi svæðisins sem gæti komið fram við nýtt umhverfismat. Ef koma á fyrir gönguskíðabraut á þessu svæði þá er sjálfsagt að hafa hana þá meðfram göngu- og hjólastíg við veginn. Fulltrúi Flokks fólksins telur að sú gróna rönd sem hér um ræðir geti verið dálítill hljóðdeyfing og ekki veitir af gróðri til að vega á móti útblæstri gróðurhúsalofttegunda í þéttbýli. Einnig væri betra að hjólastígurinn yrði fyrir austan Arnarnesvegar, enda verður hann líklegast mest notaður af Kópavogsbúum, m.a. á leið til vinnu í Reykjavík.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 4. október 2023.

Umsögn:

Í samþykktu hverfaskipulagi Seljahverfis sem var samþykkt í maí 2022 er ekki gert ráð fyrir sérstakri gönguskíðabraut á opnu svæði innan skilmálaeiningar 6.2.22 sem er skilmálaeiningin næst byggðinni. Samkvæmt skipulagsskilmálum fyrir 6.2.22, opin svæði, er heimilt að koma fyrir göngustígum, gróðursetja og gera útivistarsvæði svo hægt sé að nota það betur. Lega göngustíga sem sýnd er á skipulagsuppdrætti er leiðbeinandi. Göngustígar á opnum svæðum eru stundum notaðir til gönguskíðaiðkunar þegar aðstæður leyfa en það er ekki fest sérstaklega í skipulagi.



Skilmálaeining 6.2.25 nær til Vetrargarðsins. Í umfjöllun um áherslum skilmálaeiningarinnar segir: Svæðið er afmarkað sem íþróttasvæði fyrir vetraríþróttir og skíðaiðkun fyrir alla fjölskylduna allt árið. Áhersla er á byrjendur og börn sem eru að læra á skíði auk möguleika á gönguskíðaiðkun yfir vetrartímann. Birt er hugmynd, frumathugun, að útfærslu Vetrargarðsins þar sem sýnd er möguleg gönguskíðabraut í Vetrargarðinum sem teygir sig út fyrir skilmálaeininguna en ekki er um bindandi útfærslu að ræða. Skilmála hverfisskipulagsins má kynna sér hér:

https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/BH6_2_Bok2_updat_e_1.pdf#6222

Framkvæmdir vegna Vetrargarðs í Breiðholti eru hafnar að því marki að byrjað er að taka á móti jarðvegi á svæðinu (innan skilmálaeiningar 6.2.25) sem notaður verður til að móta svæðið upp á nýtt. Nánari upplýsingar um framkvæmdina má sjá hér:

<https://reykjavik.is/framkvaemdir/vetrargardur-i-breidholti>

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt:

Skjáskot af skilmálaeiningum hverfisskipulags við Vetrargarð og opið svæði á Vatnsendahæð
Skjáskot af frumathugun á hönnun Vetrargarðs úr samþykktu hverfisskipulagi



Skilmálaeiningar hverfisskipulags við Vetrargarð og opið svæði á Vatnsendahæð. Einingarnar sem eru til umfjöllunar eru merktar með gulu.



